

Alþingi
Erindi nr. P 127/541
komudagur. 18.12.2001

SF SAMTÖK
FISKVINNSLUSTÖÐVA

17. desember 2001

Nefndarsvið Alþingis
b.t. félagsmálanefndar
Þórshamri
v/Templarasund
Reykjavík.

Varðar:

Frumv. t.l. um atvinnuréttindi útlendinga, 204. mál, heildarlög.


Samtök fiskvinnslustöðva benda á að skv. b. lið 7. gr. frumvarpsins er umsagna verkalyðsfélaga enn óskað áður en atvinnuleyfi er veitt þrátt fyrir að atvinnuleysis-skráningar séu ekki lengur á þeirra vegum heldur svæðisvinnumiðlana víðsvegar um land, en þær starfa á vegum Vinnumálastofnunar.

Skv. 22. grein er gert ráð fyrir að veiting atvinnuleyfis geti dregist í allt að tvo mánuði frá því að umsókn barst. Í greininni er síðan gert ráð fyrir að þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast beri að skýra aðila máls frá því. Samtök fiskvinnslustöðva telja eðlilegt að skýrt sé kveðið á um hversu langan tíma afgreiðsla megi taka án þess að skýring sé gefin á því hvað valdi töfum á afgreiðslunni og leggja til eftirfarandi orðalag á 22. grein:

Vinnumálastofnun skal taka ákvörðun um hvort orðið er við umsókn um atvinnuleyfi svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tveimur vikum eftir að umsókn berst.

Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast umfram þann tíma ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýst um ástæðu tafanna og hvenær ákvörðunar er að vænta.

Virðingarfyllst,



Ágúst H. Elíasson,
Samtök fiskvinnslustöðva.